

ÍSLENSK-JAPANSKA FÉLAGIÐ
アイスランド日本協会

FRÉTTABRÉF

8. árg. 1. tbl. mars 2004. Ábm. GG

Ágætu félagsmenn

Pótt djúpar lægðir hafi legið yfir landinu á síðustu vikum hefur starfsemi félagsins aldrei verið í meiri blóma. Fjöldi félagsmanna nálgast nú 230 og eftirtektarvert er hversu margir nemar hafa gengið í félagið á síðustu mánuðum.

Starfsemi félagsins á þessu ári hófst með kynningarfundum á starfsemi IJCE eða Iceland Japan Cultural Exchange sem, innan vébanda félagsins, vinnur að samskiptum háskólanema beggja landa. Eins og sagt var frá í fyrra fréttabréfi tók þessi galvaski hópur á móti sjö háskólanemum frá Japan í september síðastliðnum. Fulltrúar okkar, sjö talsins, munu fara utan sýðar í þessum mánuði en stefnt er að árlegum heimsóknum háskólanema til beggja landa.

Félagið tók þátt í þjóðhátíð á vegum Alþjóðahússins í Ráðhúsi Reykjavíkur, í febrúarmánuði. Óhætt að segja að margir hafi kynnst betur landi og þjóð, við nutum stuðnings félaga okkar í Aikikai Reykjavíkur sem voru með glæsilega sýningu á sjálfsvarnaríþróttinni Aikido. Þess má geta að Aikikai Reykjavíkur fær til sín góðan gest í apríl og er öllum félags-

ISLAND
108 Reykjavík

15. MAR 2004

PP

Smári Baldursson
Suðurgata 15
220 Hafnarfjörður

mönnum boðið að koma og fylgjast með.

Aldrei fyrr hefur okkur hér á landi boðist að kynnst betur menningarheimi Japans eins og á þessu vori. Kvikmyndasafn Íslands stendur fyrir fjölda sýninga og þar gefst okkur kostur á að sjá margar af perlum japanskra kvikmyndalista en sendiráð Japans styrkir sýningarhaldið.

Í byrjum mars hélt Dr. Riichi Miyake, sem er prófessor á Keio háskóla í Tokýó, mjög áhugaverðan fyrirlestur um þróun hins þetta borgarumhverfis í Japan en koma hans hingað til lands var styrkt af Japan Foundation.

Málþing um japanskt mál og menningarfærni var haldið um síðustu helgi en þetta er í fyrsta skipti hér á landi sem sjónum er beint að þessum mikilvæga þætti í samskiptum okkar ólfku menningarheima. Málþingið var styrkt af Scandinavia-Japan Sawakawa stofnuninni á Íslandi. Framundan er þemadagur; Garðrækt í Japan, á Garðyrkjuskóla Ríkisins en að lokum vil ég minna á aðalfund félagsins sem haldinn verður í Alþjóðahúsinu 23. febrúar nk.

Félagskveðjur,
Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður.

Málþing um Japanskt mál og menningarfærni

Óhætt er að segja að samvinnuverkefni félagsins, Heimspékideildar Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnboga-dóttur í erlendum tungumálum og sendi-ráðs Japans hafi í alla staði tekist vel.

Fyrirlesarar voru Dr. Lone Takeuchi, prófessor Emerita frá Lundúnaháskóla, Yuri Shimizu prófessor á Kyushu háskóla, Dr. Kaoru Umezawa gestaprófessor við Háskóla Íslands og Yoshihiko Iura júdó-þjálfari frá Júdósambandi Íslands. Fundarstjóri var Dr. Úlfar Bragason forstöðu- maður Stofnunar Sigurðar Nordals og ritari Íslensk-japanska félagsins.

Aheyrendur deildu reynslu og þekk- ingu okkar ágætu gesta og af viðtökum má




Ólafur B. Thors fyrrum aðalræðismaður Japans á Íslandi flutti setningarræðu málþingsins.



Dr. Lone Takeuchi svarar spurningum áheyrenda.

ætla að fyrir mörgum hafi ýmist er lítur að samskiptum við vinabjórð okkar Japan og Japani orðið skýrara. Fyrirlesarar sviptu hulunni af ýmsum hugtökum sem og upp byggingu og notkun tungumálsins. Einnig var gerð grein "sköpun og notkun" nýyrða í japanskri tungu, sem með vissu má segja að hafi komið mörgum gestinum á óvart.




Yoshihiko Iura fræðir áheyrendur um sögu, þróun og iðkun júdó, tengsl íspróttanna við *budo* og lærimeistarann Kano.



Tæplega sjöttu manns hlýddu á fyrirlestra og þar mátti einnig sjá dyggan hóp félagsmanna sem sem í tæpan aldar fjórðung hafa stutt við menningarleg tengsl landa okkar.


Ekki skal dæmt um líftíma allra þessara nýyrða en eitt er þó víst að sú menning sjálfsvarnarþróttu sem byggir á *budo* og kynnt var í lok málfingsins, er góður samnefni fyrir þá ríku menningarhefð sem Japan býr yfir.

Málþingið var styrkt af Scandinavia-Japan stofnuninni á Íslandi en í undirbúningsnefnd voru þau, Kaoru Umezawa gestaprófessor við HÍ, Sigfríður Gunnlaugsdóttir verkefnistjóri



Hér sjást þær Yuri Shimizu og Kaoru Umezawa skiptast á skoðunum.

hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Úlfar Bragason forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals og ritari félagsins og Gunnhildur Gunnarsdóttir formaður.



Vel fór á með Hitoshi Abe aðalritara japanska sendiráðsins og Dr. Önnu Agnarsdóttur deildarforseta Heimspekideildar Háskóla Íslands að málfingi loknu.

Fyrirlestarnir verða síðar, með góðfúslegu leyfi gesta okkar, birtir á heimasíðu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum; www.vigdís.hi.is

Grænt te frá Japan

“Bolli af grænu tei bætir heilsuna”
Hollusta græns tes hefur verið Asfubúum kunn frá fornu fari og hafa þeir öldum saman nýtt sér þennan hollustu drykk í lækninga og forvarnarskini.

Stöðugar rannsóknir á áhrifum græns tes á heilsu manna hafa sýnt fram á ótvíræð jákvæð áhrif græns tes á starfsemi mannslíkamans. Sá Japanski siður að drekka grænt te kom með Japönskum munkum sem höfðu dvalið við nám í Kína u.þ.b. í kringum árið 800. Af þessu má sjá að grænt te hefur verið virt sem kraftmikil lækning meðferð. Á seinni árum hafa rannsóknir á áhrifum græns tes þróast svo langt að hægt er að sýna fram á að grænt te hefur m.a. viðtæk áhrif í sjúkdómsvörnum.

Hér verður vitnað í eina af mör-
gum vefsíðum um grænt te:
<http://www.daisan.co.jp/cha2e.htm>

GRÆNT TE hindrar háan blóðþrýsting
GRÆNT TE lækkar blóðsykur
GRÆNT TE hindrar aukningu
kólesteróls
GRÆNT TE hægir á ellinni
GRÆNT TE endurnærir líkamann
GRÆNT TE berst gegn vírusum
GRÆNT TE er helbrigð fæða

Þegar undirrituð átti þess kost að ferðast til Japan á liðnu ári, eftir að hafa fengið sent grænt te frá Japan í 2 ár, undraðist hún á þeirri áherslu sem Japanir leggja á neyslu þessa undradrykks, allsstaðar var boðið upp á grænt te. Mörg veitingahús

þjóða upp á grænt te (kalt eða heitt) endurgjaldslaust, þegar maður sest til borðs, líkt og við bjóðum upp á vatn, börn í leikskólum fá grænt te á hverjum degi, baðhús, líkamsræktarstöðvar, flugvellir, járnbrautarstöðvar, á golfvöllinum og jafnvel í sumum verslunum og svona mætti lengi telja.

Eftir að hafa kynnt sér nánar þennan heilsudrykk ákvað ég að slá til og hefja innflutning á grænu tei beint frá Kyoto í Japan, þar sem grænt te er ræktað við bestu aðstæður.

Vonandi tekur landinn þessu fram-
taki vel. Græna teið er til sölu í öllum verslunum Hagkaupa, Nóatúns og Fjarðarkaup, og á síðan eftir að fá enn meiri dreifingu.

Með hollustu kveðju,
Ragnheiður Lárusdóttir
sdags@ismennt.is



Gestir gæða sér á grænu tei á málþingi um japanskt mál og menningarfærni sem haldið var 13. mars síðastliðinn.

...tokubetsu

(athugasemd frá ritstjóra: blaðamaðurinn tokubetsu er jú öllum kunnur en rétt er að áréttta að enginn áyrgð er tekin á því sem birtist í þessum dálki)

heyrst hefur að í sumar fjölgi muni japönskum ferðamönnum sem komi hingað til lands fjölga um að minnsta kosti 300 % frá síðasta ári. einnig er staðfest að landinn sé orðinn betur í stakk búinn til að taka á móti þessum ferðamönnum og ekkert veitingahúsa muni í ár breyta matseðli sínum "á síðustu nóttu" í íslenskt lambakjöt með uncel ben's hrísgrjónum og kínverskri soyjasósu til að reyna að koma betur til móts við ferðamennina. nú þykir sannreynt að sú menning sé frekar íslensk en japönsk og falli því illa að japönskum bragðlaukum.

þótt lítið fari enn fyrir vorinu hér á landi er staðfest að nokkrir skrudgarðyrkjumeistarar ætli að

leggja land undir fót og skoða nokkra hina heimsfrægu garða í Japan. miklar vonir eru bundnar við að ferð þessi muni til lengri tíma litið skila okkur verðugu framlagi til íslenskrar garðlistar.

mikið var um erlenda gesti í marsmánuði en þeir voru hér í ýmsum erindagjörðum. tokubetsu varð var við að síðla kvölds var glatt á hjalla yfir fiskisúpu. hvað í súpunni leyndist vitum við ekki en óhjákvæmilegt var að sjá að mikill áhugi á íslenskum bókmenntum sveif yfir súpunni og fróðlegt verður að sjá hvað kemur út úr því

tokubetsu skynjaði að einhverjir hefður frekar vilja sjá glæsta turna en þar staðreyndir hins þetta borgarlands í japan sem dr. miyake kynnti svo glæsilega á fyrirlestri sínum í hafnarhúsinu.

tokubetsu...

Sjö ungir Íslendingar á leið til Japans

Dagana 24. mars til 6. apríl nk. mun sjö manna hópur Íslendinga leggja land og haf undir fót til að heimsækja félaga í Japan. Hópurinn skipa María Sigrún Hilmarsdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Lára Jónasdóttir, Ragnar Þorvarðarson, Bryndís Björgvinsdóttir, Tinna Molphy og Þorkell Ólafur Árnason, sem öll tilheyra samtökunum Iceland Japan Cultural Exchange (IJCE).

Þessi samtök hafa nú starfað í ár undir verndarvæng Íslensk-japanska félagsins og er stefnt að áframhaldandi starfi með nýju fólki á þessu ári. Í september sl. tók sami hópur á móti sjö Japönnum sem að þessu sinni eru gestgjafar. Mest verður dvalið í Tokyo og í borginni Otaru á Hokkaido-eyju þar sem hinn japanski armur IJCE hefur skipulagt veglega dagskrá.

Meðal annars verður haldin nemendaráðstefna um það "Hvernig tækni getur stuðlað að velferð" og farið í heimsóknir í fyrirtæki og opinberar stönanir á borð við japanska þingið.

Mikilvægur hluti nemendaskiptanna er einnig að mynda varanleg tengsl milli hópanna og því verður einnig nokkuð um sameiginlega skemmtan (og vonandi gleði undir kirsuberjablómum ef rétt hittist á).

Mikill undirbúningur hefur farið í að skipuleggja ferðina og safna fé fyrir fargjaldi en IJCE Japan mun bera bróðurpart kostnaðar við dvölinna sjálfa.

Þegar hér er komið við sögu eiga nokkrir Íslendinganna orðið nokkuð erfitt með svefn vegna gífurlegrar tilhlokkunar...

F.h. IJCE á Íslandi
Anna Pála Sverrisdóttir

Slóðin á síðuna hjá IJCE-Japan er:
<http://ijce.at.infoseek.co.jp>

en þar er að finna ýmsan fróðleik bæði á japönsku og ensku.

Eftirtaldir aðilar fá okkar bestu þakkir fyrir fjárstuðning til starfssemi IJCE síðastliðið ár:

Scandinavia-Japan Sasakawa stofnunin á Íslandi, Menningarsjóður Íslandsbanka, Icelandair, Samskip, Bláa lónið, Europay Apótek-bar-restaurant, Hekla hf.-bílaumbóð, Marinus ehf., Íslenskur æðardúnn ehf., Íshestar, Menntamálaráðuneytið, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.



Frá kynningarfundum IJCE sem haldinn var í Alþjóðahúsinu í janúar síðastliðnum. Hér sjást þau Ragnar Þorvarðarson, Bryndís Björgvinsdóttir og Anna Pála Sverrisdóttir.

IJCE

- nýjir meðlimir

Eins og sagt hefur verið frá var haldinn kynningarfundur á starfsemi IJCE í janúar síðastliðnum. Einnig voru nemendur í japönsku við Hf sóttir heim og kynnt starfsemi IJCE.

Þónokkrir einstaklingar hafa nú þegar sýnt áhuga á að starfa með IJCE en stjórn féllagsins mun velja 5 - 7 manna hóp nemenda á aldrinum 18-28 ára til að taka við starfi IJCE nú í marsmánuði. Þessi nýji hópur mun í samvinnu við IJCE í Japan vinna að skipulagning og framkvæmd nemendaráðstefnu en stefnt er að því að taka á móti japönskum nemum hér á landi næsta haust.

Peir félagsmenn sem hafa áhuga á að starfa með IJCE eru vinsamlega beðnir um að senda okkur línu á netfang félagsins:

isjap@islandia.is

fyrir 20. mars nk. og svara eftirfarandi spurningum:

1. Nafn, aldur og skóli (næsta haust)
2. Hyggst þú vinna verkefni sem tengist Japan í þínu námi, þá hvað?
3. Hefur þú hug á að stunda nám í Japan?

Þjóðhátíð á vegum Alþjóðahússins

Í febrúar tók félagið þátt í þjóðhátíð á vegum Alþjóðahússins í Ráðhúsi Reykjavíkur.


Auk annarra Asfulanda voru þar fulltrúar frá Mið, Suður og Norður - Ameríku, Afríku, Ástralíu og nokkrum Evrópulöndum.

Fjölmarginir gestir lögðu leið sína í ráðhúsið þessa helgina og það litríka samfélag sem þar bar að líta gladdi gesti.

Stjórnarmennirnir, þær Sigrún Sveinsdóttir og Katrín Þorsteinsdóttir áttu veg og vanda að skipulagningu en fjölmarginir félagsmenn aðstoðu okkur þessa daga og fá þeir bestu þakkir fyrir og Alþjóðahúsið á hrós skilið fyrir þetta frábæra framtak.



Hér má sjá fsak Toma, Yoshihiko Iura og Katrínu Þorsteinsdóttur við japanska básinn í Ráðhúsinu.



Fjölmenntur hópur frá Aikikai Reykjavíkur sýndi gestum sjálfsvarnarþróttina Aikido við mikla hrifningu áhorfenda.

Japan í hnotskurn

Ferðaskrifstofan Embla býður í haust upp á ferð til Japans frá 18. – 30. september.

Ferðin spannar áhugaverðustu svæði Japans út frá náttúrfegurð, sögu og menningu og mannlífi. Dvalið verður í Tokýó þar sem meðal annars stærsti fiskmarkaður heims Tsukiji verður heim-sóttur en meðal áfangastaða er umhverfi Fuji eldfjallsins, japanski alþafjallbærinn í Takayama, strandbærinn Kanazawa, Hiroshima og Kyoto höfuðborg menningar og lista í Japan.

Ferðast verður um með, hraðlestum (shinkansen) og í langferðabílum en ýmist er gist á fyrsta flokks hótélum eða á hinum hefðbundnu japönsku gistihúsum *ryokan*.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
HJÁ FERÐASKRIFSTOFUNNI
EMBLU AÐALSTRÆTI 2,
SÍMI: 511 4080,

PÓSTFANG:
info@embla.is
www.embla.is

Félagar í Íslensk-japanska félaginu fá 10.000 kr. afslátt af ferðinni.

Styrkur til náms í Japan

Japönsk stjórnvöld (Monbukagakusho: MEXT) ætla að veita íslenskum háskólanema styrk til náms í japönsku og japanskri menningu við háskóla í Japan. Styrkurinn er veittur til allt að eins árs frá október 2004.

Flugfargjöld og skólagjöld eru greidd. Ennfremur fær styrkþegi greiddan mánaðarlegan styrk að fjárhæð 135.000 yen sem er nálægt 86.400 ísl. krónum. Umsækjendur um styrk þurfa að hafa góða kunnáttu í japönsku og vera skráðir í nám í japönsku eða japanskri menningu.

Umsækjendur skulu vera fæddir á bilinu 1. apríl 1986 til 2. apríl 1974. Styrkþegi má ekki hafa lokið námi og gert er ráð fyrir að styrkþegi haldi námi áfram á Íslandi að lokinni námsdvöl í Japan.

Sendiráð Japans hefur samvinnu við menntamálaráðuneytið og má fá umsóknareyðublöð á báðum stöðum en umsóknnum þarf að skila til sendiráðsins fyrir 29. mars nk. Viðtöl við styrkum sækjendur verða tekin í byrjun apríl nk.

Nánari upplýsingar fást hjá sendiráði Japans í síma 510-8600.

Skógræktarreitir félagsins; Mirai no Mori

Að vanda verður fyrsta ferð ársins farin í tilefni að degi barnanna, *kodomo no hi* en sú ferð er skipulögð sunnudaginn 9. maí. Þar munum við halda dag barnanna hátíðlegan af japönskum sið, fiskar verða dregnir að húni, yngstu kynslóðinni býðst að bregða sér á hestbak og sitthvað fleira. Hin árlega fjölskyldu- og vinnuferð, *Bjarkuya-matsuri* verður farin 19. júní og munum við að

vanda bjóða sendiherra Japans að vera með okkur þennan dag.

Allur gróður dafnaði einkar vel síðastliðið sumar og innan fárra ára munum við sjá afrakstur vinnu okkar. En fegurð Mirai no Mori er ekki síðri í vetrarklæðum en þessi mynd er tekin í janúar síðastliðnum. Við þökkum við öllum fyrir samstarf og stuðning við verkefni þetta og vonumst til að sjá sem flesta í Mirai no Mori næsta sumar.



Styrktaraðilar Mirai no Mori eru

Anett Ogawa, Atsuo Ishii, Borealis arkitektar ehf., Eff ehf., Epal hf., Dr. Eyþór Eyjólfsson, Hafnarfjarðarbær, Hagsýn ehf., Halldór Jónsson ehf., Hekla hf.-bílaumbóð, Hermann Þórisson, Hvalur hf., Kanebo á Íslandi, Kristján Loftsson, Kristín Ísleifsdóttir, Magnús Gunnarson, Marinus ehf., Minoru Okazaki, Náttþagi; garðyrkjustöð, PK-hönnun sf., P. Samúelsson ehf., Oggi ehf., Ólafur B. Thors, Ræsir hf., Sendiráð Japans, Sjóvá-Almennar Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Stálskip ehf., Sticks and Sushi, Suzuki bílar hf., Utanríkisráðuneytið., Yri Shimizu.

Á döfinni

16. og 20. mars

Kvikmyndasýning, **Suna no onna / Konan í sandinum.**

kl. 20.00/16.00

Leikstjóri: Hiroshi Teshigahara.
Bæjarbíó Hafnarfirði. *)

23. mars

Aðalfundur Íslensk-japanska félagsins í Alþjóðahúsinu.

Venjuleg aðalfundastörf.

kl. 20.00 Sagt verður frá

félagsstarfinu í máli og myndum.

25. mars – 6. apríl

Iceland-Japan Cultural Exchange (IJCE).

Nemendaráðstefna "Hvernig tækni getur stuðlað að velferð"
Tokýó Japan.

30. mars og 3. apríl

Kvikmyndasýning, **Akahige / Rauðskeggur**

leikstjóri: Akira Kurokawa.
Bæjarbíó Hafnarfirði. *)

13. - 15. apríl

Aikikai Reykjavík, Faxafeni 8.
Æfingabúðir; sérstakur gestur er Igarashi sensei (7.dan) frá Japan. Heimasíða Aikikai er:
<http://here.is/aikido> einnig má fræðast um klúbb Igarashi í Japan á heimasíðunni:

http://home.att.ne.jp/moon/igaras_hidojo/index.html

apríl-maí

Garðrækt í Japan – þemadagur.
Garðyrkjuskólinn Reykjum Ölfusi,

í samvinnu við Íslensk-japanska félagið (nánar auglýst síðar).

4. og 8. maí

Kvikmyndasýning, **Tengoku no jigoku / Barnsránið 1963** (Íslenskur texti) kl. 20.00/16.00,

leikstjóri: Akira Kurokawa. Bæjarbíó Hafnarfirði. *)

9. maí

Mirai no Mori; dagur barnanna
"Kodomo no hi", í skógræktarreit félagsins.

kl. 14.00-16.00

25. og 29. maí

Kvikmyndasýning, **Ugetsu monogatari.**

kl. 20.00/16.00

Leikstjóri: Kenji Mizoguchi.
Bæjarbíó Hafnarfirði. *)

19. júní

Jónsmessuferð, **Bjakuya-matsuri** í skógræktarreit félagsins Mirai no Mori, kl. 14.00-16.00

17. júlí – 2. ágúst

Myndlistarsýning CAF hópsins frá Saitama í Japan, Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar

Dagskráin er send út með fyrirvara um breytingar en tilkynningar um einstaka viðburði munu verða sendar um netlista félagsins.

*) Kvikmyndasýningarnar eru á vegum Kvikmyndasafns Íslands og eru allar sýningar í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Ath. sýningar eru kl. 20.00 á þriðjudögum og kl. 16.00 á laugardögum. Sendiráð Japans styrkir sýningarnar.

Nýjir félagar:

Mikil fjölgun félagsmanna er að sjálf-sögðu mikið ánægjuefni og sýnir að mikill áhugi er fyrir Japan og japanstengdum atburðum. Það er okkur sönn ánægja að birta hér lista yfir þá 29 nýju félagsmenn sem bæst hafa í hópinn frá því í september s.l.

Anna Rún Tryggvadóttir
Axel B. Björnsson
Bergljót Baldursdóttir
Bjarni Þór M
Bryndís Vala Ásmundsdóttir
Eyjólfur G. Jónsson
Guðmundur Ragnar Björnsson
Gunnar Scheving Thorsteinsson
Heba M. Harðardóttir
Helena Björk Prastardóttir
Hildur Bára Leifsdóttir
Hörður Már Tómasson
Inga Jóna Sigurðardóttir
Jóhannes Kjartansson
Kaoru Umezawa
Kristín S. Garðarsdóttir
Leifur Þorbergsson
Loftur Þórarinnsson
María H. Jónsdóttir
Mikhael Óskarsson
Ragnheiður Pálsdóttir
Sigurður M. Finnsson
Sanna Dögg Ásgeirsdóttir
Svavar Ingi Hermansson
Svanfríður Franklínisdóttir
Sölvi Tryggvason
Valdimar B. Ásgeirsson
Þorvaldur S. Þorvaldsson
Örn Bragason

Við bjóðum nýja féлага hjartanlega velkomna.

Aðalfundarboð

Aðalfundur Íslensk-japanska félagsins verður haldinn þriðjudaginn 23. mars nk. 20.00 í Alþjóðahúsinu, þriðju hæð.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og leggur fram tillögu um fundarstjóra.
2. Skýrsla stjórnar
3. Skýrsla gjaldkera.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera.
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning stjórnar
8. Skoðunarmaður reikninga kosinn (og einn til vara).
9. Árgjald ákveðið.
10. Önnur mál.

Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórn félagsins:

Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður
Úlfar Bragason, ritari
Sigrún Sveinsdóttir, gjaldkeri
Katrín Þorsteindóttir, meðstjórnandi
Toshiki Toma, meðstjórnandi

Íslensk-japanska félagið
Pósthólf 5215,
125 Reykjavík
isjap@islandia.is

Kennitala 530892-2639,
Bankareikningur 1163-05-403322
Hægt er að ná í formann félagsins í síma 555 2850 eða 698 2850.